

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 31.10. 2025.

Fundur skólaráðs haldinn á fundarherbergi skólans frá kl. 08:15-09:30.

Mættir: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir, Jenný Ósk Óskarsdóttir, Kristín Garðarsdóttir, Svanhildur Ýr Sigbórsdóttir og Sigríður Harpa Hannesdóttir.

Fjarverandi: Lars Jóhann Imsland, Margrét Lára Guðmundsdóttir, Arnbjörg Mist Ásgeirsdóttir, Ísafold Breiðfjörð Sigurvinsdóttir og Hafdís Sigurðardóttir

Dagskrá:

1. Foreldrasamstarf

Verið er að innleiða Farsældarsáttmála Heimilis og skóla í nokkrum árgöngum. Foreldrar eru að vinna með sáttmálann og sumir hafa tekið þetta alla leið.

Bekkjartenglar eru virkir og þegar búið er að halda bekkjarkvöld í mörgum árgöngum.

Halloweenpartý í dag fyrir 1.-4. bekk hér í Hraunvallaskóla á vegum foreldra kl. 17:00-18:00.

Ljósaganan í gær fyrir Ibrahim, mæting dræmari en í fyrra en þetta var mjög fallegur viðburður. Okkar árlega jólakaffihús verður 20. nóv.

2. Forvarnarstarf

Búið er að halda fund með foreldrum nemenda í 8. bekk vegna niðurstaðna í ÍÆ. Mæting var dræm en einungis 6 foreldrar mættu sem er umhugsunarefni.

Líðanfundir eru framundan í nóvember. Ákveðið var að leggja fyrir tengsla-, samskipta- og líðankönnun fyrir nemendur í 5.-10. bekk til þess að sjá hver staðan er á þessari stundu. Farið verður yfir niðurstöðurnar á líðanfundunum. Í 2.-4. bekk verða niðurstöður Skólapúlsins tilbúnar og verður farið yfir þær.

3. Fundur skólaráðs og nemendaráðs

Finna þarf tíma fyrir fund skólaráðs og nemendaráðs. Deildarstjóri tómstundar ætlar að koma með tillögu að tíma.

4. Hafragrauturinn

Hafragrauturinn byrjar aftur mánudaginn 3. nóv. fyrir nemendur og starfsfólk.

5. Afmælisárið okkar

Búið er að ákveða að 27. mars verði „stóri dagurinn“ okkar (lok Grúksins) á afmælisárinu.

Dagskráin er í mótun en lagt er upp með að skólinn verði opinn fyrir foreldra og velunnara skólans þar sem mikið verður um afrakstur þennan dag. Dagskrá verður á sal og afmælistaka í boði fyrir alla. Einnig munu allir árgangar velja sem þemaverkefni sem verður afmælisverkefni þar sem foreldrum/forsjáraðilum verður boðið að koma og sjá afraksturinn.

6. Aðstoðarskólastjóri kveður

Þúsund þakkir fyrir samstarfið og mun Hraunvallaskóli ávallt eiga hlut í hjarta mínu.

Fundargerð ritaði Guðbjörg Norðfjörð aðstoðarskólastjóri